

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Eiríks prófessors Briem, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkju-  
málaráðherra, 6. ágúst 1926. Skipulagsskráin er þannig: 66 6. ágúst

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

### Minningarsjóð Eiríks prófessors Briem.

(Sjóður þessi var stofnaður með samskotum fyrir forgöngu fyrirverandi skrifstofustjóra Indr. Einarssonar, bæjarfógeta Jóh. Jóhannessonar, borgarstjóra K. Zimsen, dómstjóra Kr. Jónssonar og fyrirverandi bankastjóra Sighvats Bjarnasonar. Sjóðurinn var í sparisjóðsbók upp á 4415 kr., er mjer var afhent á 80. afmæli mínu 17. júlí 1926. Jafnframt var mjer falið að semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn).

#### 1. gr.

Minningarsjóður þessi skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og leggjast jafnan hálfir vextirnir við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra fellur árlega til útborgunar.

#### 2. gr.

Vextir þeir, er árlega falla til útborgunar, skulu, að frádregnum kostnaði við stjórn sjóðsins, ef nokkur er, skiftast milli þeirra númera (dálka) í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóðnum, sem einstakir menn hafa lagt nokkuð inn í næsta ár á undan. Vextirnir skiftast milli númeranna tiltölulega eftir upphæðum þeim, er hverju númeri höfðu bæst á þennan hátt, en innlög úr minningarsjóði þessum eða öðrum opinberum sjóði koma eigi til greina.

Ef innlög einstakra mann í erfingjarentudeildina eitthvert ár nema samtals ekki eins miklu og vextir þeir úr Minningarsjóðnum, er skiftast eiga, þá fær hvert númer jafnmikla upphæð og inn í það var lögð og ekki meira. Ef tillag það, sem eitthvert númer ætti að fá, nemur ekki einni krónu, þá fellur það niður. Það, sem þannig kynni að ganga af vöxtunum, legst við höfuðstól Minningarsjóðsins.

#### 3. gr.

Stjórnarráðið skipar mann til að geyma viðskiftabók Minningarsjóðsins við Söfnunarsjóðinn, taka út vexti þá, sem falla til útborgunar, skifta þeim, samkvæmt 2. gr., og leggja inn í hvert númer þá upphæð, er því hlotnast, gegn

- 66** kvittun frá Söfnunarsjóðnum. Gjöra skal sá maður stjórnarráðinu árlega reikningsskil. Hæfileg ómakslaun getur stjórnarráðið leyft honum að taka af vöxtum þeim, er útborgast.

Viðey, 17. júlí 1926.

*Eiríkur Briem.*

- 67**  
13. ágúst

## AUGLÝSING

um

### **breyting á erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn, frá 7. apríl 1922.**

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbrjefs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, skal frá 1. október næstkomandi vera 1 kr. 75 aur. um hverja klukkustund, en á helgidögum 2 kr. 25 aur., hvort sem er við flokkun fiskjar. umsjón við vigt hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1926.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vigfús Einarsson.*

- 68**  
19. ágúst

## AUGLÝSING

um

### **viðauka við auglýsingu 27. júlí 1926, um innflutningsbann.**

Innflutningsbann það á lifandi fuglum, heyi, hálm (nema umbúða-hálm), alidýraáburði, allskonar hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk og brúkuðum fóðurmjölssökkjum, sem birt var með auglýsingu frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 27. júlí 1926, nær einnig til innflutnings á tjeðum vörum frá Þýskalandi, Hollandi og Belgíu.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. ágúst 1926.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vigfús Einarsson.*